

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
STOFNAÐ 1949



Ágæta sveitarstjórn, sveitarstjóri

Reykjavík 03.10. 2012

Skráning reiðleiða – kortasjá

Á vegum Landssambands hestamannafélaga og í samvinnu við Vegagerðina hefur verið unnið að skráningu reiðleiða á öllu landinu frá árinu 2007. Skráðar eru inn reiðleiðir eins og þær koma fram á aðalskipulagi hvers sveitarfélags. Reiðleiðir eru unnar ofan á loftmyndagrunn frá Loftmyndum ehf og eru settar inn í kortasjá sem er öllum opin og aðgengileg á netinum.
<http://www.loftmyndir.is/k/kortasja.asp?client=hestar>

Í kortasjá er hægt að sjá upplýsingar um reiðleiðirnar og hægt að hlaða niður ferlum í GPS tæki fyrir hverja einstaka reiðleið. Reiðleiðirnar í kortasjánni eru flokkaðar í þéttbýlis-, stofn- og héraðsleiðir og þær númeraðar. Þar kemur fram númer reiðleiðarinnar og kaflanúmer, og er það unnið í samstarfi við Vegagerðina.

Hægt er að setja inn í kortasjá þjónustutákn með margvislegum upplýsingum og tengla inn á heimasiður viðkomandi þjónustuaðila.

Hægt er að útbúa kort fyrir afmörkuð svæði eins og sjá má á þessu korti inn á heimasiðu Loftmynda sem útbúið var fyrir hestamannafélögum Andvara og Gust.
<http://geoserver.loftmyndir.is/Andvari.pdf>

Reksturinn á kortasjánni og vinna við skráningu reiðleiða hefur verið fjármagnaður af reiðvegafé sem LH fær árlega frá Vegagerðinni af samgönguáætlun. LH úthlutar síðan til allra hestamannafélaga á landinu sem eru 48 alls, í samræmi við umsóknir þeirra um framkvæmdir við reiðvegi. Á þessu ári voru umsóknir hestamannafélaganna samtals að upphæð 186 milljónir en til úthlutunar voru 50 milljónir til reiðvegerðar og reksturs og vinna við kortasjá. Gert er ráð fyrir að hægt verði á næstu fjórum árum að ljúka við skráningu allra reiðleiða á landinu fáist fjármagn í verkefnið.

LH óskar eftir fjárstúðningi sveitarfélagsins til þessa verkefnis og er farið fram kr. 100.000,- á ári á næstu fjórum árum. Ávinningur sveitarfélagsins er fullkominn skráning og aðgengilegt form á öllum reiðleiðum viðkomandi sveitarfélags. Sveitarfélagið getur fengið reiðleiðirnar á stafænu formi og landfræðilega rétt staðsettar til þess að nota í sína gagnagrunna og til þess að nota við skipulagsvinnu

á vegum sveitarfélagsins. Þegar er farið að nýta kortagrunninn á þann hátt hjá þeim sveitarfélögum þar sem búið er að skrá reiðleiðir. Einnig er þessi grunnur og þau hjálþargögn sem eru notuð við skráninguna tilvalin til þess að setja inn frekari gögn á vegum sveitarfélagsins eins og t.d. göngu – og reiðhjólaleiðir.

Kortasján og möguleikar á notkun hennar hafa verið kynntar fyrir Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fyrir Skipulagsstofnun.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssambands hestamannafélaga,

Haraldur Þórarinsson
formaður LH

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	10.10.2012
Málsnr:	1210235
Bréfali:	105